



7. fundur stjórnar SSA 11. febrúar 2015.

Fundurinn hófst að loknum fundi með þingmönnum kjördæmis og stjórn Eyþings kl. 15:00 í Hótel Reyhlið, Mývatnssveit. Mættir voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Stefán Grímur Rafnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Björn Hákonarson og Hákon Hansson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

1. Fundargerðir

1. Fundargerðir síðasta fundar stjórnar og framkvæmdaráðs SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SASS lagðar fram til kynningar.
3. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um landsskipulagsstefnu og bókun Náttúruverndarnefndar Fljótsdalshéraðs. Framkvæmdaráði falið að taka bókun Náttúruverndarnefndar Fljótsdalshéraðs til frekari skoðunar í tengslum við undirbúning aðalfundar.

2. Nýr samningur um sóknaráætlun 2015-2019

1. Farið yfir samning og greint frá undirritun 11. febrúar og kynningu til sveitarfélaga. ***Stjórn SSA lýsir yfir ánægju með að búið að sé að ganga frá samningi um sóknaráætlun en hefur jafnframt áhyggjur af þeirri skerðingu sem þar kemur fram til menningarmála. Hún er í hrópandi ósamræmi við þann mikla árangur sem náðst hefur í þeim málaflokki á Austurlandi og staðfest er í úttekt Capacent fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stjórn SSA áréttar einnig að brýnt er að ríkisvaldið auki umtalsvert fjárveitingar til sóknaráætlunar strax á næsta ári.***
2. Farið yfir tillögu að skiptingu fjármagns. Frekari umfjöllun og ákvörðun frestað til næsta stjórnarfundar.
3. Staða menningarráðs. ***Stjórn SSA ásamt verkefnisstjóra og menningarfulltrúa undirbúi ársfund menningarráðsins er hafi það að markmiði að leysa ráðið upp vegna nýs samnings um sóknaráætlun. Leitast verði við að til fundarins verði boðað í mars.***
4. Skipan úthlutunarnefndar/fagráða – gerð úthlutunarreglna. Frekari umfjöllun og ákvörðun frestað til næsta stjórnarfundar.

3. Skipulag vinnu samráðsvettvangs/sóknaráætlunar



Skipulagið lagt fram til kynningar. Stjórn SSA samþykkti það og fól verkefnisstjóra að halda verkefninu áfram.

4. Almenningsamgöngur

- Farið yfir tilefni fundar með samgöngunefnd SSA 17. febrúar nk. Framkvæmdaráð SSA mun sitja fyrir svörum um almenningsamgangnaverkefnið ásamt Ástu Kristínu Sigurjónsdóttir og Hilmarí Gunnlaugssyni.
- Staða í Sternumáli – trúnaðarmál. Fært í trúnaðarmálabók.

5. Önnur mál

Engin fleiri mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 16.45. Næsti fundur stjórnar ákveðinn mánudaginn 23. febrúar nk. kl. 12.30 á Egilsstöðum.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson